DAGBÓK

Frá Félagi eldri borgara

Göngu-Hrólfur. Félagar hittast eftir jólafrí laugardaginn 6. jan. kl. 11:00 að Nóatúni 17.

Opið hús verður í Goðheimum, Sigtúni 3, sunnudaginn 7. janúar. Kl. 14:00 – frjálst spil og tafl. Kl. 16:00 Þrefaldur kvartett félagsins syngur og kl. 20:00 verður dansað.

Þrettándagleði Barðstrendingafélagsins

Barðstrendingafélagið í Reykjavík heldur Þrettándagleði í Hreyfilshúsinu laugardaginn 6. janúar og er húsið opnað kl. 21:00.

Skemmtinefndin biður félaga og gesti þeirra að mæta í furðufötum, grímubúningum – eða þá í jólafötunum.

Félagsvist Húnvetningafélagsins

Húnvetningafélagið í Reykjavík heldur félagsvist laugardaginn 6. janúar í Húnabúð, Skeifunni 17. Félagsvistin hefst kl. 14:00. Allir velkomnir.

Fríkirkjan í Reykjavík

Laugardaginn 6. janúar kl. 18:00 er helgistund. Leikið verður á orgel kirkjunnar frá kl. 17:40.

Sunnudag verður barnaguðsþjónusta kl. 11:00. Orgelleikari Pavel Smid.

Cecil Haraldsson

Hafnarfjarðarkirkja

Guðsþjónusta kl. 14:00. Organisti er Helgi Bragason.

Sr. Gunnþór Ingason

Útboð

Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, f.h. Hitaveitu Reykjavíkur, óskar eftir tilboðum í eftirfarandi:

- Stálpípur; 500 og 600 mm, samtals 4100 m. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 6. febrúar 1990, kl. 11,00.
- Stálfittings; 50-600 mm, hné og minnkanir. Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 6. febrúar 1990, kl. 14,00.
- Foreinangraðar pípur; 125-350 mm, samtals 10 km. Tilboðin verða opnuð miðvikudaginn 7. febrúar 1990, kl. 11,00.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík.
Tilboðin verða opnuð á sama stað samkvæmt ofangreindum tíma.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – Sími 25800

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

HEILSUGÆSLUSTÖÐ Á AKRANESI

Tilboð óskast í frágang heilsugæslustöðvar á Akranesi, þ.á m. pípulögn, múrhúðun alls hússins að innan og innréttingu 1. hæðar hússins fyrir heilsugæslustöð. Verkið skal unnið af einum aðalverktaka. Flatarmál hússins alls er um 1597 m^2, þar af er flatarmál heilsugæslustöðvar 562 m^2.

Verktími er til 1. desember 1991.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Borgartúni 7, Reykjavík, frá miðvikudegi 10.1. til og með mánudags 29.1. gegn 10.000,- kr. skilatryggingu.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu I.R., Borgartúni 7, fimmtudaginn 1. febrúar kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS
BORGARTÚNI 7. 105 REYKJAVÍK


Fóstur-heimili

Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar óskar eftir að komast í samband við fólk, sem vill taka börn í fóstur. Einnig er óskað eftir fólki, sem vill taka börn til vistunar í skemmri tíma. Óskað er eftir þolinmóðu, barngóðu og hjartahlýju fólki.
Þeir sem áhuga hafa á að svara auglýsingunni, snúi sér til Mörtu Bergman í síma 53444, alla virka morgna frá kl. 11-12.

Félagsmálastjórinn í Hafnarfirði.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Nemendur sæki stundaskrá sína og bókalista mánudaginn **8. janúar n.k., kl. 11.00-13.30.**
Kennsla hefst þriðjudaginn 9. janúar samkv. stundaskrá.



Geir Kristjánsson les rússnesk ljóð í þýðingu sinni.

Tónleikar og ljóðalestur í Listasafni Sigurjóns

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar mun standa fyrir tveimur dagskrám um helgina. Laugard. 6. jan. kl. 17:00 verða haldnir tríótónleikar, þar sem **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðluleikari, **David Tutt** píanóleikari og **Christian Giger** sellóleikari flytja Píanótríó nr. 1 op. 49. í D-moll eftir Mendelsohn og píanótríó nr. 1 op. 8 í H-dúr eftir Brahms.

Sunnudaginn 7. janúar kl. 15:00 verður **bókmenntadagskrá** í safninu, eins og venja er til fyrsta sunnudag hvers mánaðar. Í þetta sinn verða lesin bæði þýdd ljóð og frumsamin. **Geir Kristjánsson** les úr þýðingum sínum á rússneskum ljóðum úr bókinni „Undir hælum dansara", **Gyrðir Elíasson** mun lesa úr nýrri ljóðabók sem nefnist „Tvö tungl" og að lokum les **Stefán Hörður Grímsson** úr bók sinni „Yfir heiðan morgun". Gísli Magnússon píanóleikari mun leika nokkur stutt verk milli atriða. Dagskráin tekur u.þ.b. eina klukkustund.

PORTRETT á Kjarvalsstöðum

Listmálararnir **Helgi Þorgils Friðjónsson og Hallgrímur Helgason**, opna „Portrett-sýningu" að Kjarvalsstöðum laugardaginn 6. janúar kl. 14:00.

Portrettsýningin er í vesturforsal og stendur til 21 janúar. Sýningin er opin kl. 11:00-18:00.

Jazz í Duushúsi

Jazztónleikar verða í Duushúsi sunnudaginn 7. janúar kl. 21:30.

Tónleikar í Háskólabíói

Sinfóníuhljómsveit æskunnar heldur tónleika í Háskólabíói sunnudaginn 7. janúar kl. 14:00. Stjórnandi er Paul Zukofsky. Leikið verður verk eftir Schönberg: Pelleas und Melisande.

Spilakvöld í Kópavogi

Alþýðubandalagið í Kópavogi heldur fyrsta spilakvöld ársins í þriggja kvölda spilakeppni í Þinghól, Hamraborg 11, þriðju hæð, kl. 20:30 mánudaginn 8. janúar. Allir velkomnir.

Stjórnin

Teiknaðu Hróa Hött!

Leikfélag Hafnarfjarðar hóf æfingar á barnaleikriti um Hróa Hött þann 30. des. sl. Höfundur leikgerðar og leikstjóri er Guðjón Sigvaldason.

Í tengslum við uppsetninguna verður efnt til teiknisamkeppni sem opin er öllum börnum á aldrinum 6-12 ára. Myndefnið verður að sjálfsögðu um Hróa og félaga hans.

Blaðstærð skal vera í stærðinni A-3 og greinilega merkt nafni og heimilisfangi teiknara.

Utanáskrift á sendar teikningar er: **Leikfélag Hafnarfjarðar, pósthólf 116, 220 Hafnarfjörður.**

Vegleg verðlaun eru í boði og hefur LEGO gengið til samstarfs við leikfélagið um framkvæmd keppninnar.


Það verður 5 manna dómnefnd sem velur álitlegustu myndirnar, sem síðan verða til sýnis gestum í leikhúsinu og víðar. Gögn um keppnina verða send öllum grunnskólum landsins í byrjun janúar.

Skilafrestur rennur út fimmtudaginn 8. febrúar. Niðurstöður verða kynntar þriðjudaginn 20. febrúar.

Allar frekari upplýsingar verða veittar hjá Erlendi í síma 91-25194.

Kvikmyndasýning MÍR: GRENADA

Sunnudaginn 7. janúar kl. 16:00 verður sýnd í bíósal MÍR, Vatnsstíg 10, kvikmyndin **Grenada**, sem er mynd um borgarastyrjöldina á Spáni 1936-1938 eftir Roman Karmen. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.



„Ónefna" 1989, – olía á striga 210 X 330.

Margrét Jónsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum

Í dag, laugardaginn 6. janúar kl. 14:00, opnar Margrét Jónsdóttir sýningu á olíumálverkum í vestursal Kjarvalsstaða.

Við opnun mun Gunnar Guðbjartsson tenórsöngvari syngja nokkur lög við undirleik Guðbjargar Sigurjónsdóttur píanóleikara.

Sýningin verður opin daglega kl. 11:00-18:00 til 21. janúar.

FLOKKSSTARF



Þingmálaráð – Reykjavík

Þingmálaráð Fulltrúaráðs framsóknarfélaganna í Reykjavík heldur fund með Guðmundur G. Þórarinssyni alþingismanni laugardaginn 6. desember kl. 10.30 í Nóatúni 21.

Fulltrúaráðið.

Guðmundur G. Þórarinsson

Akurnesingar

Bæjarmálafundur laugardaginn 6. janúar kl. 10.30 í Framsóknarhúsinu við Sunnubraut. Fundarefni álagning gjalda fyrir árið 1990. Mætið hress á nýju ári.

Bæjarfulltrúarnir.

Selfoss og nágrenni

Spiluð verður félagsvist að Eyrarvegi 15, Selfossi þriðjudagskvöldin 16., 23. og 30. janúar, kl. 20.30.
Kvöldverðlaun, 1. og 2. verðlaun fyrir öll þrjú kvöldin.
Allir velkomnir

Framsóknarfélag Selfoss

Hljómleikar með söngverkum eftir Hjálmar H. Ragnarsson

Sönghópurinn Hljómeyki heldur hljómleika með söngverkum eftir Hjálmar H. Ragnarsson í Kristskirkju, Landakoti, sunnudaginn 7. janúar kl. 17:00. Á efnisskránni er Messa í fimm þáttum við latneska kirkjutexta og Lofsöngur um Maríu (Ave Maria).

Sönghópinn Hljómeyki skipa að þessu sinni fimmtán söngvarar, en stjórnandi á hljómleikunum er Hjálmar H. Ragnarsson.

Safnaðarfélag Ásprestakalls

Safnaðarfélag Ásprestakalls verður með kaffisölu í safnaðarheimilinu sunnudaginn 7. janúar eftir messu, sem hefst kl. 14:00. Allir velkomnir.

Ljóðatónleikar í Gerðubergi

Þriðju tónleikar í ljóðatónleikaröð Gerðubergs verða mánudaginn 8. janúar kl. 20:30. **John Speight**, bariton, syngur við undirleik **Jónasar Ingimundarsonar**. Á þessum tónleikum verður fluttur lagaflokkur eftir B. Britten, svo og sönglög eftir Purcell, H. Wolf, F. Schubert, R. Schumann, C. Ives o.fl.

John Speight stundaði tónlistarnám við Guildhall School of Music and Drama 1964-'72, einnig nam hann tónsmíðar hjá Richard Rodney Bennett. Hann hefur sungið víða á Englandi og Írlandi, bæði í óratoríum, óperum og á ljóðatónleikum. John hefur tekið þátt í mörgum óperusýningum, bæði í Þjóðleikhúsinu og Íslensku óperunni. Auk söngsins er John afkastamikið tónskáld. Hann kennir við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

Frá Listasafni Íslands

Í Listasafni Íslands stendur nú yfir sýning á verkum í eigu safnsins. Verkin eru unnin á árunum 1945-1989.

Listasafnið vill minna á breyttan opnunartíma. Safnið er nú opið alla daga, nema mánudaga, frá kl. 12:00 til 18:00. Veitingastofa safnsins er opin á sama tíma.

Almenn leiðsögn um sýninguna sem stendur í safninu fer fram á sunnudögum kl. 15:00 í fylgd sérfræðings. Leiðsögnin „Mynd mánaðarins" er á fimmtudögum kl. 13:30.

Kjarval og landið

Opnuð hefur verið sýning í austursal Kjarvalsstaða á verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem eru í eigu Reykjavíkurborgar. Sýningin hefur fengið nafnið „Kjarval og landið".

Sýningin stendur til 11. febrúar og er opin kl. 11:00-18:00.

Ný ljóðabók eftir Ara Gísla Bragason

Nýlega er komin út ljóðabókin „Í stjörnumyrkri" eftir Ara Gísla Bragason. Fyrir hálfu öðru ári kom út ljóðabók eftir hann „Orð þagnarinnar", sem nú er gjörsamlega uppseld.

Bókin er prýdd myndverkum eftir Hauk Halldórsson listmálara.

Í tilefni af útkomu bókarinnar mun höfundur lesa úr henni í Listamannahúsinu, Hafnarstræti 4, og þar mun einnig standa sýning á frummyndum af listaverkum Hauks Halldórssonar.

Bókin er prentuð í Borgarprenti.

Ný ættfræðinámskeið

Hjá Ættfræðiþjónustunni hefjast um 11. janúar ættfræðinámskeið, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Þar er veitt fræðsla um leitaraðferðir, sem eru í senn fljótvirkar og öruggar, gefið yfirlit um helstu ættfræðiheimildir og leiðbeiningar veittar um gerð ættartölu og niðjatals. Þá fá þátttakendur tækifæri og aðstöðu til að þjálfast í verki við að rekja eigin ættir og frændgarð með afnotum af víðtæku gagnasafni, m.a. kirkjubókum um land allt, manntölum, ættartöluhandritum og útgefnum bókum. Leiðbeinandi á námskeiðunum er sem fyrr Jón Valur Jensson.

Innritun er hafin hjá Ættfræðiþjónustunni í síma 27101.

FÉLAG HEYRNARLAUSRA

Happdrætti Heyrnarlausra

Dregið var í Hausthappdrætti heyrnarlausra þann 22. desember s.l. og eru vinningsnúmer eftirfarandi:

1. 7996, 2. 1219, 3. 2263, 4.10390, 5. 12609, 6. 3522, 7. 7421, 8. 12755, 9. 8750, 10. 2157, 11. 12110, 12. 1105, 13. 12186, 14. 11165, 15. 8133, 16. 6028, 17. 8585, 18. 1883, 19. 9192, 20. 7877, 21. 10006, 22. 2159

Vinninga má vitja á skrifstofu Félags heyrnarlausra, Klapparstíg 23, alla virka daga, sími 91-13560.

Happdrætti Styrktarfélags vangefinna

Dregið var 24. des. 1989
1. Bifreið, VOLVO 740 GLI nr. 75096
2. Bifreið SUZUKI FOX SAMURAI nr. 33404
3.-10. Bifreið að eigin vali, hver vinningur á kr. 700.000. Nr. 1906 - 14582 - 19881 - 37019 - 43848 - 60766 - 75455 - 99410.